

# Hnignun Íslands og viðreisn

M eðal margra góðra greina, sem komið hafa í Lesbók Morgunblaðsins nú undanfarið, eru það einkum tvær sem mjer virðist ástæða til að minna á og hakka fyrir. Er önnur sú er dr. Gunnlaugur Claessen hefir ritað um bálfarir. Er þar um að ræða mikilsvert menningarmál, þar sem virðist eiga að vera auðvelt fyrir höfuðborg Íslands að standa jafn framarlega hinum fremsta. Hitt var ritgerð Kristjáns Eldjárns fornfræðistudents um forlög Íslendingabygðar á Grænlandi. Þykir mjer þar einkum mikilsvert, hve ómótmaðlanlega er sýnt fram á, að versnandi veður far mun hafa átt mikinn, eða jefnvel mestan þátt í að íslenska bygðin þar í landi leið undir lok.

Því hefir oft verið haldið fram, að verulegar breytingar á loftslagi hafi ekki orðið hjer á landi frá upphafi Íslands bygðar. En það er ekki vafi á því að það er rangt, og að sú hnignum þjóðarinnar, sem svo alvarlega fer að gera vart við sig í lok 13. aldarnar, stafar að miklu leyti af versnandi veðurfari. Og hins vegar er óhætt að segja, að sú framför, sem hjer hefir orðið í búskap

og öðru síðustu áratugina, væri óhugsandi, ef ekki hefði orðið auðveldara um sakir batnandi tifðarfars.

Engum er láandi á þessum tímum, þó að hann sje í nokkrum vafa um það, hvort íslenska þjóðin muni eiga langa framtíð fyrir höndum. En fari svo, þá má telja vist, að það verður ekki án sambands við batnandi veðurfar, framhald af breytingu í þá átt, sem begar er svo greinileg orðin. Og ekki vil jeg leyna því, að jeg hygg að það verði mest undir þjóðinni sjálfri komið hvort vel fer eða ekki. Hugsun og hegðun þjóðar er ekki án áhrifa á tifðarfarið, og bóltitið brögð að slíku orðin ennþá, hjá því nem sér gæti orðin, eru að nú er alveg sjerstaklega ástatt. Hinn ágæti Adam Rutherford hefir alveg rjett fyrir sjer í því, að hjeðan gæti skinið það ljós, er öllu mannkyni mundi verða hjálp til að komast á leið hinnar góðu framvindu. Og ef svo fer — og Eggert Ólafsson og Jónas Hallgrímsson hafa spáð vel í þá átt — þá fær orðið Ísland alveg nýjan hljóm, og Frón verður það land, sem flestir vildu sjeð hafa og sött heim, einhverntíma á ævi sinni.

21. október...

Helgi Pjeturss.

Ald. 11. Mál. 86. Síð 1940